

## **Sameiginlegur stjórnarfundur SK og SN í íþróttahúsi Nj.víkur, 29.apríl 2008 kl. 20:00.**

Mættir:

SK:Guðmundur, Guðrún, Sigríður, Sigurbjörg, Falur og Júlíus. Þórhildur og Lilja komust ekki.

SN:Guðný og Helga.

Auk þess voru boðuð og mættu: Edda bolameistari, Kristín ritstjóri, Níels lokahófsstjóri og Hildur Karen framkvæmdastjóri SSÍ.

### **1.mál AMÍ 2008**

Þetta var fyrsti undirbúningsfundur fyrir AMÍ 2008, en formenn SK og SN, ásamt formanni SSÍ, undirrituðu í síðustu viku formlegt samkomulag þess efnis að AMÍ 2008 yrði haldið í Reykjanesbæ.

Farið var yfir atriðalista – minnislista fyrir undirbúning AMÍ. Listinn verður innan skamms settur á heimasíðu sunddeildana. Megináherslan var lögð á

- Skipan stjórnenda starfshópa
- Fara yfir atriðalista með það að markmiði að setja strax af stað þau mál sem þurfa mestan aðdraganda og lengstan undirbúning.

Atriðalistinn var uppfærður.

Samþykkt var að nota þá boli sem SH höfðu pantað, Eddu falið að merkja þá um leið og logo fyrir mótið verður tilbúið.

Ákveðið að Brynja og Hjördís komi með tillögu að dagskrá fyrir yngri sundmenn að morgni föstudags og laugardags og þá einnig hvað hún komi til með að kosta. Tillagan verður send SSÍ til samþykkis.

Kristín setur af stað vinnu við bækling, SSÍ mun m.a. skila inn grein.

Fundarmenn sammála um að SSÍ leggi sem fyrst hart að félögum að skila inn starfsmannalistum fyrir mótið.

Rætt var um að takmarka aðgang að tækniherbergi, þannig eiga t.d. sundmenn og þjálfarar ekki erindi þangað inn.

Áætla má að verðmiðinn á mótið verði í námunda við 17.000 kr. sem fæst með því að bæta vísitöluhækkun við verðmiðann frá því í fyrra, dýrari bol og minna tíma-svigrúms til að ná hagstæðum samningum við byrgja.

Fundi slitið kl. 22.00

Fleira ekki rætt.

Næsti AMÍ fundur haldinn eftir Sparisjóðsmótið, þriðjudag 20. maí klukkan 19:00.

*Ritari: Guðmundur Jón Bjarnason í fjarveru Guðbjargar Lilju.*